

Í sjúklega horninu

FYRIR tveimur vikum birtist í Lesbókinni brot úr greinaflokknum „Sjúklega hornið“ sem finna má á Múrnum, hjá Mál-fundafélagi úngra róttæklinga, en Múrin er „vefrit um þjóðmál, pólitik og menningu“. Kafliinn ber fyrirsögnina „Latir fræðimenn“ en þar varar Stefán Pálsson við hættunni sem hann sér í póstmóðernískri afstæðishyggju, en samkvæmt honum boðar stefnan „að allt sé skrök og ekkert viðfangs-efni sé merkilegra en annað“. Stefán segir að með þessa lífssýn að leiðarljósi leggi latir fræðimenn teiknimyndasögur að jöfnu við Fornaldarsögur Norðurlanda og réttlæti þannig „að flatmaga daginn út og inn að lesa skrípablöð“ og kalli „það fræðimennsku“. Eg hef ýmislegt út á þessa kenningu Stefáns að setja, en það helst að af henni má ætla að let-ingjar í hópi fræðimanna geti ekki hrifist af heimi fornþekkingar og skakklappast með eina og eina bók upp í rúm. Í hvaða stellingum lesa menn Völsunga sögu eða Bósa sögu og Herrauðs?

Markmið Múrsins er „að auka vægi röt-tækra sjónarmiða í íslenskri þjóðmála-umræðu“ og því þarf engan að undra að Stef-

„Á tæpum þremur vikum virðist Stefán hafa gleymt þeirri skoðun sinni að lestur skrípasagna sé léttvæg iðja, merki um andlega deyfð og fræðilegt metnaðarleysi. Eg ætla þó ekki að ráðleggja honum að glugga í Gallastríðin eftir Sesar.“

án hafi ýmislegt út á póstmóðerníska afstæðishyggju að setja en andstaðan við stefnuna er mjög sterk á vinstri væng stjórnmálanna og svo hjá hægrisinnum íhaldsmönnum.

Letin virðist þó eitthvað hafa hrjád Stefán síðustu daga því að nýjasta greiningarefni hans á öræðum vefsíðum Múrsins er teiknimyndasöguhetjan Ástríkur. Nú skammast hann yfir nýjustu sögunni úr smíðju Uderzo sem hann telur síðri en gömlu meist-araverkin. Á tæpum þremur vikum virðist

Stefán hafa gleymt þeirri skoðun sinni að lestur skrípasagna sé léttvæg iðja, merki um andlega deyfð og fræðilegt metnaðarleysi. Eg ætla þó ekki að ráðleggja honum að glugga í Gallastríðin eftir Sesar.

Eftir standa ýmsar forvitnilegar spurningar. Er það aðeins stundum merki um menningarlega flatneskju að fjalla um teiknimyndasögur? Treysta ritstjórar Múrsins, en Stefán Pálsson er einn af þeim, sér til að skera úr um í eitt skipti fyrir öll hvaða viðfangs-efni hafi fræðilegt vægi, hvað heyrir undir menningu og hvað ekki? Eg vil í því sambandi benda á að menningarsíða Múrsins ber nafnið „Menning og þó“ sem gefur til kynna póstmóðernískt ístöðuleysi af versta tagi.

Líkt og margir aðrir gagnrýnendur í samtímanum gerir Stefán sig sekan um þær djúpstæðu og ófyrstíganlegu mótsagnir sem hann leitast við að hafna en mótsagnir af því tagi eru um leið helstu viðfangs-efni póstmóðernískrar greiningar. Þær eru gott dæmi um þau „geðklofaeinkenni“ sem fræðimenn hafa ýmist lokað eða lastað en ávallt tengt póstmóðernísku menningarástandi. Í slíku ástandi er erfitt að meina nokkuð og erfiðara að meina það lengi í senn. Eg er enn á þeirri skoðun.

GUDNÍ ELISSON

ERLENDAR BÆKUR

Ný ævisaga um Bob Dylan

Í byrjun apríl kom út viðamikil ævisaga um bandaríska tónlistarmanninn Bob Dylan sem ber heitið *Down the Highway* (Eftir þjóðvegnum). Höfundur ævisögunnar er Howard



Bob Dylan

Soules, og er verkið byggt á rannsóknnum sem hann hefur unnið síðastliðin þrjú ár. Tók Soules m.a. viðtöl við yfir 250 aðila sem hafa komið við sögu í lífi og starfi tónlistarmannsins, en margir þeirra hafa ekki veitt viðtöl áður. Þá hefur höfundurinn

haft aðgang að heimildum sem höfundar fyrri ævisagna um Dylan hafa ekki haft aðgang að. Varpð er nýju ljósi á margar þeirra „goðsagna“ sem ríkja um tónlistarmanninn, fjallað er um þætti í einka- og fjölskyldulífi hans og sköpunarferli Dylans sem tónlistarmanns er fylgt náð eftir. Í umsögn netbókabúðarinnar Amazon er talið víst að *Down the Highway* muni skapa sér sess sem lykilverk um ævi, tónlistarferil og menningarsögulega þýðingu Bob Dylans.

Ellefta ljóðabók Seamus Heaney

ÍRSKI rithöfundurinn Seamus Heaney hefur sent frá sér sína elleftu ljóðabók og ber hún titilinn *Electric Light* (Raf-



Seamus Heaney

ljós). Í ljóðunum leit- ar höfundurinn á goðsögulegar slóðir, jafnframt því sem hann dregur upp myndir úr æsku sinni, og frá æskuslóðum sínum á Norður-Írlandi. Í umsögn *The New York Times* um bókina segir að höfundurinn hugleiði í ljóðunum uppruna og endi lífs

síns og listarinnar.

Heaney er fæddur árið 1939 en það var um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar sem ljóð hans tóku að vekja athygli. Heaney hlaut Bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1995, en auk ellefu ljóðabóka hefur Heaney sent frá sér prósavverk, ritgerðir og leikrit. Hann er einnig þekktur fyrir enska þýðingu sína á Bjólfskviðu sem út kom á síðasta ári.

Ný bók eftir Updike

Í NÆSTA mánuði er væntanleg ný bók eftir bandaríska rithöfundinn John Updike sem ber titilinn *Americana*. Ekki er lengra síðan en í nóvember á síðasta ári að út kom eftir höfundinn smásagnasafnið *Licks of Love*, en þar var m.a. að finna nóvelluna „Rabbit Remembered“ og var þar um að ræða nýjasta innlegg höfundarins í hina frægu Rabbit-sagnaröð hans.

Ævisaga Williams Blake

NÝ ÆVISAGA breska ljóðskáldsins Williams Blake kemur út í upphafi maímánaðar, en höfundar hennar eru fræðimennirnir G.E. Bentley og G.E. Bentley yngri. Ævisagan, sem nefnist *The Stranger from Paradise*, er rúmar 500 blaðsíður og hafa höfundar safnað þar saman gríðarmiklum fróðleik um ljóðskáldið og lífshlaup þess. „Með lestri þessarar heillandi og ríkulega myndskreyttu ævisögu um hinn mikla listamann, ljóðskáld og dulhyggjumann skynjar lesandinn sannarlega návist Williams Blake,“ segir m.a. í umsögn um ævisöguna.



Niðurstigning við Suðurlandsbraut.

Morgunblaðið/Jim Smart

ÍSLENSK ÞJÓÐMENNING

Þingvellir eru táknið fyrir sameininguna, þar hittast allir til að rifast ekki [...] Þingmennirnir mæta og rétta upp hönd, allir sem einn, þótt þeir þurfi að eyða mánuðum í að finna út hvað það sé sem þeir geta verið sammála um. Svo enda þeir á einhverju sem engu máli skiptir. Það má ekki deila. Þetta er ímynd Íslendinga af þjóðhátíð, hið magíska augnablik þar sem við erum ein heild. Mér finnst mjög gaman að leika mér með hið tvöfalda tákni fimmta áratugarins, lýðveldisstofn- unina '44 og inngönguna í Nató '49. Þingvelli annars vegar og Austurvöll hins vegar sem eru í raun tákngervingar ímyndar lýðræðisins annars vegar og raunveruleika lýðræðisins hins vegar þar sem grýtt er tara-gassprengjum yfir mótmæl- endur. 1994 er síðan tákni- mynd fyrir að allt er í góðu lagi aftur.

Guðmundur Hálfanarson tmm

Betri þykj-ustuheima

Þegar leikheimar eru búnir til handa börnum ættu þeir að einhverju leyti að vera útópískir. Auðvitað mega þeir einnig vera spennandi og æsilegir og ekki væri verra að „réttlætið“ sigraði að lokum, en þeir sem skapa þessa heima ættu að hafa það í huga að börnin sem leika sér með þá eiga eftir að vaxa úr grasi og verða virkir einstaklingar í raunverulegu samfélagi. Hvernig á börnunum að skiljast að karlar og konur af öllum kynþáttum heims geta í raun og veru lifað og unnið saman, ef ekki er hægt að sýna fram á það í þykjustu-heimi? Ef tilgangur lífsins er að búa börnum okkar betri heim er ekki til betri staðar til að byrja á en barnaherbergið.

Margrét Tryggvadóttir tmm

NEDANMÁLS

Það fer vel á því hér í nedanmálsgrein Lesbókar að óska nýjum ritstjóra Tímarits Máls og menningar, sem nú kallar sig „tmm, tímarit um menningu og mannlíf“, til hamingju með fyrsta hefti eftir umfangsmiklar breytingar á ritinu. Hið nýja rit hefur vakið mikil viðbrögð. Flestir virðast á því að ekki hafi verið farin rétt leið með því að færa þetta fornfræga bókmenntarit í átt að þeim óvirdulegu bókmenntum sem glanstímarit landsins eru. Telja sumir að á bak við þessa vendingu hljóti að vera mis- skilin markaðsfræði en forvitnilegt verður að fylgjast með því hvort kúrsinum verður haldið í næsta hefti eða sveigt af leið eftir því hvernig vindar hafa blásið undanfarnar vikur.

Við opnun sýningar Odds Nerdrums á Kjarvalsstöðum var flutt leikverk eftir listamanninn sem nefnist *Listveldið*. Þar ræða höfundur og Eðvard Munch um myndlist og veldið sem umlykur hana. Þeir tala meðal annars um listasafna- og listfræðingaveldið. Í leikritinu er Munch rödd reynslunnar og telur hann að öll áherslan á túlkun listarinnar umfram upplifun hennar, sanna listnautn, hafi fært listasöfnunum og listfræðingunum of mikið

vald: „Við þekkjum vel túlkun á grundvelli aðdáunar. En öll þessi ofur-túlkun hefur gert nútíma-listasöfn að dómkirkjum tómleikans, þau eru stór keröld sem á að fylla, eins og bedið sé eftir einhverju stórfenglegu utan úr geimnum,“ segir Munch og Nerdrum spyr eins og hann viti ekki huernig er í pottinn búið: „Þeir sem nú á dögum ákveða hvað hafi gildi, hvað teljist gjaldgeng list, eru þá sem sagt sýningarstjórar listasafnanna?“ Munch játar því og segir að það megi kalla þá „yfirlistamenn“. Þetta þykir Nerdrum skritið: „að klassísk lista- söfn skuli vera eins og óperuhús, en nútíma- listasöfnin eins og hof, sem bíða eftir nýjum Guði.“ Niðurstæða hans er þessi: „En þetta er hreint eins og á miðöldum! Listasöfn nútímans eru þá full af verkum sem ekki standa sjálf fyrir sínu, og listamaðurinn er orðinn hráefni- isframleiðandi. Er það ekki? Þá hljótum við að lifa á tíma listfræðinganna. Þeir eru orðnir listamenn samtímans. En þessir sýningarstjórar, hvað sjá þeir? Hver er þeirra þáttur annar en að fræða safngesti?“

Munch og Nerdrum tala líka saman um tilurð listhugtaksins á átjándu öld. Það

voru heimspekingarnir sem skilgreindu listina á átjándu öld en ekki listamennirnir, að mati Munchs, og þeir settu andann ofar handverk- inu, handverksmönnum var að verða ofauk- ið vegna iðnvæðingarinnar.

Nerdrum áttar sig: listin hefur þróast nákvæmlega eins og Kant og aðrir hughyggju- menn átjándu og nítjándu aldar vildu og farið beina leið inn í konseptið, beint inn í hinn hreina anda. „Og kitsið,“ segir Nerdrum, „er þá notað um verk þeirra sem eru ekki í takt við tímann, þeirra sem sátu eftir í handverk- inu?“

Það má víst kalla þá „gervilistamenn“. „Já, sá gamli er á því, í listinni var ekkert rúm fyrir hæfileikarika handverksmenn en menn höfðu ótakmarkað frelsi til hugarleikfimi. „Þetta er merkilegt,“ dæsir kitsmálarinn Nerdrum, „það er eins og listamenn búi yfir sameig- inlegu leyndarmáli. Manni finnst maður vera svo heimskur í hópi þeirra, maður verður aldr- ei nógu spaklega þenkjandi.“

Nerdrum er spakari en hann heldur. Undir fallegu handverkinu leynist frjór andi, svo talað sé í anda listandans.